



## Skútustaðahreppur

600269-1009  
Hlíðarvegí 6, 640 Mývatn  
Sími 4646660  
[skutustadahreppur@skutustadahreppur.is](mailto:skutustadahreppur@skutustadahreppur.is)  
[www.skutustadahreppur.is](http://www.skutustadahreppur.is)

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

### **Viðbrögð við umsögnum sem bárust við kynningu áforma vegna fyrirhugaðrar efnistöku við Garð, Skútustaðahreppi**

Þann 28. apríl 2022 barst erindi frá Sigurði Ásbjörnssyni f.h. Skipulagsstofnunar þar sem óskað er eftir umsögnum um efnistöku í landi Garðs í Skútustaðahreppi skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Umsagnarferlið stóð til 27. maí 2022. Umsagnir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Minjastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skútustaðahreppi og Umhverfisstofnun.

#### Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

*Vísað er til tölvubréfs Skipulagsstofnunar frá 29.apríl sl. hvar óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra um ofangreint erindi.*

*Allt svæðið er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Mývatn og Laxá voru upphaflega friðlýst með lögum um verndun Mývatns og Laxar í Suður-Þingeyjarsýslu árið 1974. Svæðið er nú verndað samkvæmt lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 97/2004.*

*HNE bendir á mikilvægi þess að gera kröfur til verktaka á svæðinu að vélar og tæki séu í góðu lagi, og ekkert slíkt fari inn á svæðið nema að undangenginni skoðun Vinnueftirlits eða annara aðila sem til þess eru færir.*

*Heilbrigðiseftirlitit Norðurlands eystra veitir starfsleyfi fyrir malar- vikur og grjótnámi samanber reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirliti.*

*Sjá einnig upplýsingar þar um á vefsíðunni námur.is*

*HNE telur að nægjanlega sé gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun. HNE gerir að öðru leyti ekki athugsemd við erindið á þessu stigi málsins.*

#### Svar framkvæmdaraðila

Á það skal bent að fyrirhuguð efnistaka er utan verndarsvæðis Mývatns og Laxár en innan vatnsverndarsvæðis Mývatns og Laxár. Sérstök skilyrði verða sett í skilmála framkvæmdaleyfis auch þess sem efnisvinnsla er háð reglugerð nr. 550/2018 og starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti. Umsögnin krefst ekki efnislegs svars.

## Minjastofnun

*Minjastofnun Íslands hefur mótttekið bréf Skipulagsstofnunar frá 12. maí s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.*

*Um er að ræða efnistöku við Garð í Mývatnssveit. Fyrirhugað er að taka efni úr námunni til framkvæmda við göngu- og hjólastíg og annarra framkvæmda á svæðinu. Áætlanir eru um að efnið verði tekið á árunum 2022 - 2032. Að lokinni efnistöku eru áætlanir um að loka námunni og ganga frá henni. Hún verður þá mótuð í samræmi við aðliggjandi landslag og grædd upp í samráði við landeigendur*

*Með bréfi dags. 2. mars 2022 (MÍ202202-0175 / 6.08 / S.G) veitti Minjastofnun Íslands umsögn um skipulags og matslysingu vegna breytingar á aðalskipulagi og gerði ekki athugasemdir við hana. Minjavörður Norðurlands eystra fór í vettvangsúttekt um svæðið þann 9. maí sl og fundust engar fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.*

*Minjastofnun Íslands telur að ofangreinda framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.*

*Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo:*

*Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

## Svar framkvæmdaraðila

Farið verður að lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og framkvæmd stöðvuð komi í ljós áður óþekktar menningarminjar. Umsögnin krefst ekki efnislegs svars.

## Náttúrufræðistofnun Íslands

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 28. apríl 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um um efnistöku í landi Garðs í Skútustaðahreppi skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

*Efnistökusvæðið er skilgreint sem athafnasvæði auðkennt sem 373-A, sem er í dag 8,7 ha að stærð. Fyrirhugað er að stækka athafnasvæðið enn frekar með 4,4 ha svæði sem skarast að hluta til við núverandi svæði. Ráðgert er að vinna um 120.000 m<sup>3</sup> af muldu hrauni úr námunni.*

*Fram kemur í tilkynningu að brýn þörf er á efni við sunnanvert Mývatn sem mun nýtast í lagningu göngu- og hjólastígs og aðrar framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru á svæðinu. Meginmarkmið með staðsetningu efnistökusvæðis við Garð sé að hafa flutnings vegalengdir úr námu sem styrtar og þar með draga úr útblæstri, rykmengun, kostnaði og slysahættu.*

*Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tilkynningu framkvæmdaraðila, Skútustaðahrepps, og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:*

Mývatn er ein af náttúruperlum landsins og um svæðið Mývatn og Laxá gildi sérstök lög frá 2004 um verndun þess (<https://www.althingi.is/altext/stjt/2004.097.html>). Þá nýtur svæðið Mývatn og Laxá verndar samkvæmt fjölda alþjóðlegra samninga s.s. Ramsar-samningi, Bernar-samningi, samningi um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, svæðið er alþjóðlegt mikilvægt fuglasvæði og er á yfirlitsskrá heimsminja um fyrirhugaðar tilnefningar Íslands á heimsmínjakrá UNESCO ([https://heimsmínjar.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=22&amp;Itemid=51](https://heimsmínjar.is/index.php?option=com_content&view=article&id=22&amp;Itemid=51)).

Fyrirhugað efnistökusvæði liggur rétt utan við mörk friðlýsta svæðisins, en er innan grannsvæðis vatnsverndar og í nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga (60/2013).

Náttúrufræðistofnun telur nálægð efnisnámunnar við friðlandið og að hún sé innan vatnsverndarsvæðis vera áhyggjuefni. Fram kemur í tilkynningu að grunnt er niður á grunnvatnsborðið og að vatn sitji í lægðum námunnar. Þar fyrir utan eru nútímahraun yfirleitt með mikla lekt.

Í skýrslunni "Skýrsla samstarfshóps um Mývatn: ástand mála, orsakir vanda og mögulegar aðgerðir" sem unnin var fyrir umhverfisráðuneytið árið 2016,

([https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF\\_skrar/MYVATNSSKYRSLA-LOKAEINTAK-20062016.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/MYVATNSSKYRSLA-LOKAEINTAK-20062016.pdf)), kemur fram að aðrennsli vatns kemur nær eingöngu úr lindum austan og suðaustan við Mývatn (sjá meðfylgjandi mynd úr skýrslu samstarfshóps)

Helstu lindasvæðin í suðaustanverðu Mývatni koma undan hraunum þar sem núverandi námasvæði er staðsett.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að forðast eigi efnistöku í svo mikilli nálægð við verndarsvæði Mývatns og innan vatnsverndarsvæðis. Hér er of mikið í húfi að mati Náttúrufræðistofnunar t.d. ef mengunarslys verður innan námusvæðisins þar sem grunnt er á grunnvatnið og hraunin lek.

Þegar um er að ræða einstaka náttúruperlu landsins með margskonar alþjóðlega verndarsamninga, eru röksemadir um styttri vegalengdir efnisflutninga ekki nægilegar til að réttlæta efnistöku á þessu svæði.

Út frá ofangreindu telur Náttúrufræðistofnun framkvæmdina matsskylda og að skoða þarf grunnvatn og grunnvatnsstreymi sem einn umhverfispátt sem framkvæmdin getur haft áhrif á.

Þá þarf að gera grein fyrir fyrirbyggjandi aðgerðum til varnar mengunarslysi innan námasvæðisins og viðbragðsáætlun ef slys verður.

#### Svar framkvæmdaðila

Fyrirhugað efnistökusvæði er áætlað að nái yfir nútímahraun sem nýtur verndar skv. náttúruverndarlögum auk þess sem nálægð við verndarsvæðið gerir kröfu um sérstaka varfærni við vinnslu efnis á svæðinu. Hluti af fyrirhuguðu efnistökusvæðis er áætlað á svæði

sem skilgreint er undir athafnasvæði og hefur umtalsverð efnistaka átt sér stað á undanförnum árum án óhappa eða markverðra neikvæðra áhrifa á Mývatn. Sá hluti hraunsins sem er utan skilgreinda athafnasvæðisins hefur verið raskað með slóðagerð og áburðardreifingu. Við sunnanvert Mývatn er brýn þörf á efni sem uppfyllir skilyrði sem burðarlag svo unnt sé að viðhalda eðlilegri framþróun sveitarfélagsins. Sé valkosturinn borinn saman við aðra kosti sem standa til boða er ávinnungur m.a. af nálægð við framkvæmdasvæðið, tengsl við innviðauppbryggingu og eldri námu, reynslu af efnistöku af svæðinu og minnkuð hætta á mengunarslysi vegna þungaflutninga um vatnsbakka Mývatns frá norðri. Neikvæða þætti á borð við streymi grunnvatns og háa grunnvatnsstöðu auk rasks og gróðureyðingar má lágmarka með sérstökum skilyrðum í framkvæmdaleyfi og starfsleyfi, takmarka heimila dýpt efnistökusvæðisins, skilyrði um að spilliefni séu geymd á öruggum stað og mótvægisauðgerðir með því að skilja eftir sérstakar jarðmyndanir og uppræðslu í samvinnu við Landgræðsluna.

#### Skútustaðahreppur

*Pann 28. apríl 2022 barst beiðni frá Sigurði Ásbjörnssyni f.h. Skipulagsstofnunar um umsögn við breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023. Breytingin felur í sér skilgreiningu 120.000 m<sup>3</sup> efnistökusvæðis við Garð í Skútustaðahreppi.*

*Í kynningu á áformum frá Skútustaðahreppi er framkvæmdum líst og gerð grein fyrir áhrifamati og mótvægisáhrifum. Sveitarfélagið telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mótvægisauðgerðum. Sveitarfélagið telur framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti viðmiða í 2. viðauka lagi um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.*

*Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi sem gefið er út af sveitarfélagini Skútustaðahreppi. Við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna framkvæmdarinnar verður gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem uppfylla þarf til að lágmarka hættu á mengunarslysi vegnar grunnvatnsstreymis til Mývatns og skilyrtar mótvægisauðgerðir vegna ónæðis og endurheimtar gróðurþekju að loknum framkvæmdum.*

#### Svar framkvæmdaraðila

Umsögnin krefst ekki efnislegs svars.

#### Umhverfisstofnun

*Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 28. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.*

*Fyrirhugað er að taka allt að 120.000 m<sup>3</sup> úr námunni á næstu 10 árum. Gert er ráð fyrir efnistöku á svæði út frá eldri námu. Efnistökusvæðið er í nútímahrauni.*

*Fram kemur í greinargerð að efnið verði m.a. notað í göngustíg sem verið er að leggja við Mývatn. Bent er á að meðal kosta efnistöku á þessum stað sé sú að náman sé nærrí framkvæmdasvæðum og styttri akstur dragi úr loftmengun vegna styttri akstursleiða.*

*Fyrirhuguð náma er utan við verndarsvæði Laxár og Mývatns. Ráðgert er að 50 cm lag verði frá námubotni niður í grunnvatn. Þarna þarf að huga vel að því að olía berist ekki frá tækjum*

*I námunni því ólíklegt er að botn námunnar sé það þéttur að hann hindri að mengun berist í grunnvatn.*

*Umhverfisstofnun telur að hér sé um að ræða nokkuð mikla efnistöku á mjög fjölsóttu ferðamannasvæði. Hér þarf að vega og meta hvort minni loftmengun vegna styrti aksturs réttlæti frekara rask í hrauni við Mývatn. Skoða ætti efnistöku á þessu svæði í heild og í raun er í greinargerð bent á önnur efnistökusvæði við Mývatn. Meta þarf hvort verndargildi svæðisins réttlæti ekki lengri flutning á efni þar sem hrauni verður ekki raskað. Varðandi mögulega mengun grunnvatns má benda á að víða við Mývatn má sjá eldri vélar og tæki nær vatninu og hugsanlega er ofauðgun vegna áburðarnotkunar á bökkum Mývatns meiri vandamál en hugsanleg olíumengun frá námunni í Garði.*

*Rétt er að sjónræn áhrif efnistökunnar verða ekki mikil ef hraunkanti sem skermar námuna af frá þjóðvegi verður ekki raskað. Ef affrekari efnistöku verður á þessum stað ætti að mati Umhverfisstofnunar að leggja áherslu á að nýta allt efni sem losað verður í námunni í stað þess að safna upp grófara frákasti sem unnt væri að nýta með efnisvinnslu.*

*Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við framkvæmdina.*

#### Svar framkvæmdaraðila

Við skilgreiningu efnistökusvæðisins við Garð hefur átt sér stað ítarleg valkostagreining á möguleikum til efnisvinnslu. Það er mat sveitarfélagsins að með mótvægisáhrifum og skilyrðum við veitingu framkvæmdaleyfis til efnisvinnslu verði hætta á mengun vegna efnisvinnslu óveruleg. Efnisvinnslan yrði ekki sýnileg frá vegin og fjarri helstu áningarástöðum. Yrði efni hinsvegar flutt um lengri veg yrði ónæði af þungaumferð verulegT, sýnileg áhrif vegna framkvæmda myndu aukast og mengunarhætta sömuleiðis. Mývatnssveitarvegur (848) er tengivegur, hann er þróngur og fer um Höfða og Ytrivoga sem er fjölsóttur ferðamannastaður, vegurinn er hæðóttur með blindhæðum og kröppum beygjum. Sitthvoru megin við enda vegarins eru þéttbýli og fjölsóttir ferðamannastaðir. Við Skútustaði fer vegurinn meðfram Sel-Hótel Mývatn og Skútustaðagígum, við Reykjahlíðarþorp þarf að þræða flugvöll, gistirekstur við Hlíð auk hótela og áningarástaði við þorpið. Að teknu tilliti til mótvægisáðgerða er efnistaka við Garð talin ákjósanlegasti kosturinn af þeim sem teknir voru til greina.

f.h. Skútustaðahrepps

## RE: RE: Efnistaka í Garði Mývatnssveit - ítrekuð umsagnarbeiðni

Til : Sigurður Ásbjörnsson - SLS <Slgurdur.Asbjornsson@skipulag.is>; Skútustaðahreppur <skutustadahreppur@skutustadahreppur.is>  
Frá : Atli Steinn Sveinbjörnsson <atli@skutustadahreppur.is>  
Heiti : RE: RE: Efnistaka í Garði Mývatnssveit - ítrekuð umsagnarbeiðni  
Málsnúmer : 202204078  
Málsaðill : Skútustaðahreppur  
Skráð dags : 02.06.2022 16:02:44  
Höfundur : Atli Steinn Sveinbjörnsson <atli@skutustadahreppur.is>

**Viðhengi** Skilyrði við útgáfu framkvæmdaleyfis.docx

image002.jpg

image001.png

image009.jpg

image008.jpg

image006.png

image004.png

Sæll Sigurður

Hér í viðhengi er upptalning á skilyrðum sem sett verða í framkvæmdaleyfi við efnistöku.

Nokkur atriði þarna þarf sjálfkrafa að uppfylla vegna starfsleyfisumsóknar til heilbrigðiseftirlits en eru þó með í upptalningunni.

Bestu kveðjur



**Atli Steinn Sveinbjörnsson**

Skipulagsfulltrúi

Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit



Sími/Tel. (+354) 464 6664

[atli@skutustadahreppur.is](mailto:atli@skutustadahreppur.is)

[www.skutustadahreppur.is](http://www.skutustadahreppur.is)



Meðferð tölvupósts - Disclaimer

**From:** Sigurður Ásbjörnsson - SLS

**Sent:** fimmtudagur, 2. júní 2022 15:16

**To:** Atli Steinn Sveinbjörnsson ; Sigurður Ásbjörnsson - SLS ; Skútustaðahreppur

**Subject:** RE: RE: Efnistaka í Garði Mývatnssveit - ítrekuð umsagnarbeiðni

Sæll Atli

Vinna við ákvörðun um matsskyldu fyrir ofangreinda framkvæmd stendur yfir. Ég er að vinna mig í gegnum gögnin og vantar að fá fyllri upplýsingar frá þér en finna má í svörum við umsögnum.

Í svörum við umsögn Heilbrigðiseftirlits segir:

„Á það skal bent að fyrirhuguð efnistaka er utan verndarsvæðis Mývatns og Laxár en innan vatnsverndarsvæðis Mývatns og Laxár. Sérstök skilyrði verða sett í skilmála framkvæmdaleyfis auk þess sem efnisvinnsla er háð reglugerð nr. 550/2018 og starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti.“

Hver eru þessi sérstöku skilyrði sem verða sett í skilmála framkvæmdaleyfis? Nauðsynlegt er að greina frá þeim.

Af svipuðum toga er texti í svörum við umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands. En þar kemur fram:

„Neikvæða þætti á borð við streymi grunnvatns og háa grunnvatnsstöðu auk rasks og gróðureyðingar má lágmarka með sérstökum skilyrðum í framkvæmdaleyfi og starfsleyfi, takmarka heimila dýpt efnistokusvæðisins, skilyrði um að spilliefni séu geymd á öruggum stað og mótvægisáðgerðir með því að skilja eftir sérstakar jarðmyndanir og uppgræðslu í samvinnu við Landgræðsluna.“

Skilyrði þessi þarf að fjalla um af meiri nákvæmni en gert er í svörunum.

Virðingarfyllst,

Sigurður Ásbjörnsson

---

**Sigurður Ásbjörnsson**  
sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment  
Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland  
sími 595 4100  
[Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is](mailto:Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is)  
[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)  
[www.facebook.com/skipulagsstofnun](http://www.facebook.com/skipulagsstofnun)



---

**From:** Atli Steinn Sveinbjörnsson <[atli@skutustadahreppur.is](mailto:atli@skutustadahreppur.is)>

**Sent:** 01.06.2022 15:10:06

**To:** Sigurður Ásbjörnsson - SLS ;Skútustaðahreppur

**Subject:** RE: Efnistaka í Garði Mývatnssveit - ítrekuð umsagnarbeiðni



## Skútustaðahreppur

600269-1009

Hlíðarvegi 6, 640 Mývatn

Sími 4646660

skutustadahreppur@skutustadahreppur.is

www.skutustadahreppur.is

Reykjahlíð, 2. júní 2022

### Skilyrði við útgáfu framkvæmdaleyfis til efnistöku við garð, Skútustaðahreppi

Útfærsla skilyrða verður útfærð nánar í samráði við heilbrigðisfulltrúa Norðurlands eystra og landgræðslufulltrúa Landgræðslunnar þegar kemur að útgáfu framkvæmdaleyfis.

Meðal skilyrða sem verða í útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir efnistöku við Garð:

#### Skilyrði til verkta ka

- Geymsla olíubirgða og spillefna tengt efnistöku á svæðinu verður óheimil á og við skilgreint efnistökusvæði.
- Geymsla vinnuvéla sem ekki eru í notkun verður óheimil á og við efnistökusvæðið.
- Vinnuvélar skulu vera skoðaðar og samþykktar í vinnuvélaskrá Vinnueftirlits.
- Verktaki skal uppfylla starfsleyfiskröfur heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

#### Skilyrði varðandi framkvæmdaraðila og umhverfisáhrif

- Skilja skal eftir minnst 50 cm af jarðvegi frá grunnvatnsborði.
- Halda skal hraunkanti við námu óróskuðum svo að ásýndaráhrif frá vegi verði í minnsta lagi.
- Skila skal efnistokuáætlun til 5 ára í senn og tilkynna breytingar verði einhverjar á því tímabili.
- Í efnistokuáætlun skal áfangaskipa efnistökusvæðum og hefja mótvægisáðgerðir með landslagsmótun og dreifingu lífraens áburðar og uppræðslu þar sem áfanga efnistöku er lokið hverju sinni.
- Meta skal möguleika á því að viðhalda sérstökum jarðmyndunum eða hraundröngum óróskuðum svo breytileiki landslags haldist og unnt verði að endurheimta yfirbragð svæðisins eftir fremsta megni. Kortlagning á svæðum sem skal varðveita skal koma fram í efnistokuáætlun hverju sinni og byggja á staðarkönnun og loftmyndum teknum á vettvangi.
- Við landslagsmótun og vistheimt skal fylgja þeim leiðbeiningum sem birtar eru á vefnum namur.is
- Mat á vistheimt efnistokuáfanga að lokinni efnistöku skal fara fram á 4ja ára fresti og meta hvort frekari aðgerða sé þörf í samráði við fulltrúa landgræðslunnar.
- Minnt er á 6. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um almenna aðgæsluskyldu: *Öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngírni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.*

#### Skilyrði úr Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023

- Skilgreina skal ný efnistökusvæði í sveitarféluginu í samráði við landeigendur og mikilvæga notendur og loka og ganga frá námum sem ekki eru lengur notaðar.
- Námuréttihöfum er skylt að vinna áætlanir um efnistökusvæði þar sem m.a. er gerð grein fyrir áætluðu efnismagni, vinnslutíma og frágangi að efnisnámi loknu og sækja um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar fyrir notkun þeirra sbr. 45. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og laga nr. 44/1999, gr. 47 og 48 um náttúruvernd